

62. Fundur Ungmennaráðs Ölfuss fimmtudaginn 11. mars 2021 kl. 17:00.

Fundinn sátu: Ingunn Guðnadóttir formaður nemendaráðs, Einar Dan Róbertson formaður unglingaráðs, Dagrún Inga Jónsdóttir ritari, Haukur Castaldo formaður ungmennaráðs og Matthías Ragnar Sigurðarsson íþrótta- tómsundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Dagrún Inga Jónsdóttir

Gestir fundarins: Ása Berglind Hjálmarsdóttir verkefnastjóri afmælisnefndar Ölfus og Róbert Dan Bergmundsson formaður afmælisnefndar Ölfus.

1. Mál.

Sveitarfélagið Ölfus er 70 ára á þessu ári. Af því tilefni verður margt um að vera á árinu. Formaður afmælisnefndar og verkefnastjóri mættu á fundinn og kynntu starf afmælisnefndar og óskuðu eftir hugmyndum ungmennaráðs um viðburði fyrir ungt fólk.

Rætt um mögulega á viðburðum í sumar og hugmyndir ungmennaráðs að viðburðum. Ýmsar hugmyndir voru ræddar m.a. Leikvöll í fjöruna, mýrabolti, tónlistarmenn og margt fleira.

Rætt var um að ungmennaráð færi í grunnskólann og kynnti starf ungmennaráðs og mundi óska eftir tillögum frá krökkum í skólanum um mögulega viðburði á afmælisárinu.

Ákveðið að ungmennaráð hefði frest til mánaðamóta til að koma með hugmyndir af viðburðum.

2. Mál.

Erindi frá stjórnskipunar- og eftirlitsnefns Alþingi vegna umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitastjórna nr. 5/1998, með síðari breytingum (kosningaaldur), 272.mál

- í þessu frumvarpi er lagt til að kosningaaldur í sveitastjórmarkosningum verði lækkaður úr 18 árum í 16 ár.
- Óskað er eftir að umsagnir berist rafrænt eigi síðar en 23. mars nk. Á netfangið nefndasvid@althingi.is

Við hjá ungmennaráði Ölfus erum ósammála frumvarpi til breytingar á lögum um kosningar til sveitastjórna.

Við erum það vegna þess að við teljum að 16 ára unglingar séu ekki reiðubúin til þess að taka ákvarðanir sem þessar einir á báti og teljum við að þau muni ekki hafa áhuga á að kynna sér það.

Afhverju ekki að leyfa unglungum að vera unglingar á meðan þau geta? ekki vera að þröngva málefnum fullorðinna á börn þar sem að einstaklingar eru ekki taldir sem fullorðnar manneskjur fyrr en að 18 ára aldri náð.

18 ára einstaklingur má bjóða sig fram til sveitarstjórnar en má þá ósjálfráða 16 ára einstaklingur bjóða sig fram til?

Okkur þykir að ef frumvarpið fer í gegn þá þyrfti að auka fræðslu um sveitarstjórnarmál á þeirra tungumáli.

Fundi slitið kl. 18:00

